

Ársskýrsla 2017

*FAGMENNSKA
SAMVINNA
VIRÐING*





Ársskýrsla HSN 2017

Rafræn útgáfa 2018

Umsjón: Guðný Friðriksdóttir

Athygli er vakin á að misræmi í framsetningu á tölulegum upplýsingum um samskonar þætti starfseminnar skýrist af ólíkum skráningar- og talningar-flokkunum.

● Efnisyfirlit

Pistill frá framkvæmdastjórn	4
Stjórnendur	6
Skipurit og skipulag HSN	7
Heilsugæsla	10
● Móttaka heilsugæslunnar	10
● Mæðravernd	16
● Ung- og smábarnavernd	17
● Heilsuvernd grunnskólabarna	19
● Heimahjúkrun	21
● Sjúkraflutningar	23
● Unglingamóttaka	25
● Lífsstíls- og sykursýkimóttaka	25
● Hreyfiseðlar	26
● Heilsueflandi heimsóknir	26
● Bólusetningar	27
Hjúkrunar- og sjúkrasvið	28
Göngudeild	29
Hópskoðun Krabbameinsfélagsins	31
Ráðgjöf í reykbindindi	31
Rannsóknir og myndgreining	32
Atvikaskráning	34
Starfsmannamál	35
Gjafir til HSN	37
Skýrsla og áritun stjórnenda	40
Sundurliðaður rekstrarreikningur 2017	41
Efnahagsreikningur 2017	42
Sjóðsstreymi 2017	43

● Pistill frá framkvæmdastjórn

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) sinnir allri heilsugæsluþjónustu á svæðinu frá Þórshöfn í austri til Blönduóss í vestri. Starfsemin er á sex meginstarfsstöðvum, þ.e. á Húsavík, Akureyri, Dalvík, í Fjallabyggð, á Sauðárkróki og Blönduósi en þjónusta stofnunarinnar nær til ríflega 35 þúsund íbúa á þessu svæði. Heilsugæslustöðvar og heilsugæslusel HSN eru 17 talsins og þar á meðal er ný heilsugæslustöð í Mývatnssveit sem opnuð var í ágúst 2016. Þá rekur stofnunin 149 sjúkra-, hjúkrunar- og dvalarrými á Húsavík, Siglufirði, Sauðárkróki og Blönduósi. HSN rekur auk þess hjúkrunar- og dvalarheimilið Hvamm á Húsavík með alls 40 rýmum.

Rekstur HSN gekk vel á árinu 2017. Fjárhagur stofnunarinnar markast þó af því að stofnunin kaupir talsverða vinnu af læknum á verktakaformi. Slíkar greiðslur eru ekki bókaðar sem launagreiðslur heldur þjónustukaup og fær stofnunin því ekki launabætur. Launagreiðslur heilsugæslunnar á Akureyri voru sömuleiðis fyrir mistök færðar inn sem þjónustukaup við sameiningu stofnunarinnar og þar af leiðandi hafa ekki fengist launabætur umfram verðlagsbreytingar vegna þeirra undanfarin ár. Vegna þessara tveggja þátta varð lítil aukning á starfsemi HSN á árinu 2017 því auknar fjárheimildir voru nýttar til að fjármagna þetta misræmi. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hefur ekki tekist að fá á þessu leiðréttingu.

Þrátt fyrir að þrjú ár séu liðin frá sameiningu sex stofnana í eina voru fjölmörg verkefni sem tengdust sameiningunni á árinu. Gengið var frá sameiginlegum stofnana-samningum sem samræmdu kjör milli starfsstöðva. Haldið var áfram að virkja nefndir og faghópa um ýmsa þætti starfseminnar. Einn meginávinningurinn við stærri

stofnun er faglegt samstarf milli starfseininga sem aukist hefur til mikilla muna með tilkomu HSN.

Haldið var áfram að byggja upp upplýsingakerfi HSN en lykillinn að farsælum rekstri víðfeðmrar stofnunar er að það sé öflugt. Með bættu rafrænu samskiptaumhverfi hefur starfsfólkinu tekist að nýta tíma sinn betur, fækka bílferðum, minnka símakostnað og draga úr pappírnotkun. Tekin var ákvörðun um ný kerfi til að halda utan um alla lyfjaumsýslu hjá stofnuninni á rafrænan hátt. Um er að ræða Alfa lyfjabirgðakerfi, eMed lyfjafyrirmælakerfi, lyfjagjafakerfi í Sögu og MedEye lyfjastaðfestingarkerfi. Með þessu mun hagkvæmni og öryggi lyfjagjafa stórlega aukast.

Embætti landlæknis gerði hlutaúttekt á heilsugæslustarfsemi HSN. Starfsemin fékk mjög góða dóma fyrir stefnumörkun, stjórnun og vinnubrögð. Gerð var veruleg athugasemd við húsnæði heilsugæslunnar á Akureyri sem metið var ófullnægjandi og einnig talið að umbóta væri þörf varðandi mat á árangri stofnunarinnar.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands kynnti nýja stefnu og starfsáætlun fyrir árin 2017-2019 sem gefin var út í bæklingi. Var hún afrakstur vinnu allra starfsmanna og stjórnenda HSN. Í bæklingnum er hlutverk, gildi og framtíðarsýn HSN. Þá eru skilgreindar lykilaðgerðir til að ná fram stefnu stofnunarinnar fyrir sex meginþætti: þjónustu, starfsfólk, rekstur, öryggi, samstarf og sýnileika. Þá voru settir fram árangursvísar sem stofnunin mun nýta til að meta árangur starfsins.

Ráðgjafafyrirtækið Nolta vann skýrslu um húsnæði heilsugæslunnar á Akureyri. Rætt var við starfsfólk

stöðvarinnar, gerð viðhorfskönnun meðal þjónustuþega og litið til úttektar Embættis landlæknis. Niðurstaða skýrslunnar varðandi húsnæðið við Hafnarstræti 99-101 staðfesti að það er úrelt og hæfir ekki nútíma starfsemi heilsugæslu og að tvær heilsugæslustöðvar sambærilegar að stærð eigi að byggja upp í stað stöðvarinnar í Hafnarstræti.

HSN hefur allt frá stofnun unnið að því að styrkja stöðu sjúkraflutninga sem eru á hendi stofnunarinnar. Hefur það verið gert með bættri menntun og mönnun. Samhliða þessu hefur stofnunin skoðað skipulag sjúkraflutninganna á starfssvæðinu til framtíðar. Í Fjallabyggð varð niðurstaðan að styrkja menntun og mönnun á Siglufirði en leggja af sjúkrabílavakt í Ólafsfirði sem reyndar hafði verið ákveðið að gera fyrir sameiningu en síðan frestað. Til að tryggja viðbragð þar við bráðum upptökum var stefnt að því að mynda hóp vettvangsliða í samstarfi við slökkvilið og/eða björgunarsveit. Vettvangslið verða sífelld mikilvægari liður í skipulagi neyðarþjónustu.

Áfram var unnið að því að skipuleggja og efla sálfélagslega þjónustu á starfssvæðinu. Unnið var að innleiðingu á Rai homecare í heimahjúkrun, hafinn undirbúningur að innleiðingu á þjónandi leiðsögn á sjúkra- og hjúkrunardeildum, unnið að endurskoðun á móttöku lækna og hjúkrunarfræðinga á heilsugæslunni á Akureyri og hjúkrunarmóttakan þar og hjúkrunarmönnun á fleiri starfsstöðvum styrkt.

Stofnunin fékk fjölmargar gjafir á árinu frá velunnurum, einstaklingum, fyrirtækjum og félögum. Án þessara gjafa væri tækjabúnaður, húsbúnaður og aðstaða mun lakari. Þakka verður fyrir þann velvilja sem stofnuninni, starfsfólki og þjónustuþegum er sýndur með þessu.

Hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands starfar afbragðs fólk sem sinnir starfi sínu af áhuga og trúmennsku. Framkvæmdastjórn HSN vill þakka þeim gott samstarf og góð störf í þágu íbúa á svæðinu á árinu 2017.



● Stjórnendur

Jón Helgi Björnsson, forstjóri

Framkvæmdastjórar

Guðmundur Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða

Guðný Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar

Örn Ragnarsson, framkvæmdastjóri lækninga

Fjármála- og mannauðsþjónusta

Regína Sigurðardóttir, forstöðumaður bókhaldsþjónustu

Pórhallur Harðarson, mannauðsstjóri

Yfirlæknar

Fjölfnir Freyr Guðmundsson, Blönduósi

Þorsteinn Þorsteinsson, Sauðárkróki

Valþór Stefánsson, Fjallabyggð

Guðmundur Pálsson / Fjóla Björnsdóttir, Dalvík

Jón Torfi Halldórsson, Akureyri

Ásgeir Böðvarsson, Húsavík - sjúkrasvið

Unnsteinn Júlíusson, Húsavík - heilsugæsla

Sigurður Halldórsson, Norður-Þingeyjarsýslu

Yfirhjúkrunarfræðingar svæða

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, Akureyri

Ásdís Arinbjarnardóttir, Blönduósi

Anita Aanesen / Lára Betty Harðardóttir, Dalvík


Áslaug Halldórsdóttir / Sigríður Jónsdóttir, Húsavík

Anna S. Gilsdóttir, Fjallabyggð


Herdís Klausen, Sauðárkróki

Skipurit og skipulag HSN


Skipurit Heilbrigðisstofnunar Norðurlands



Ábyrgð og verkefni





Skipurit hjúkrunar



Yfirjúkrunarfræðingur svæðis og sviðs (júkrun/sjúkrahús/heilsugæsla) getur verið sami einstaklingurinn

Skipurit lækninga





Gæðastjóri

Anna Gilsdóttir, Fjallabyggð

Kerfisstjóri Sögu

Helga Rósa Guðjónsdóttir, Sauðárkróki

Nefndir og ráð

- Lyfjanefnd
- Fagráð
- Gæða- og öryggisráð
- Innkaupanefnd
- Jafnréttisnefnd
- Sjúkrskránefnd
- Þekkingar- og endurmenntunarráð

Faghópar

- Heilsuvernd grunnskólanna
- Heimahjúkrun
- Mæðravernd
- Ung- og smábarnavernd
- Öldrunarhjúkrun

Formenn

Ásgeir Böðvarsson, Húsavík
Fanney Ísfold Karlsdóttir, Sauðárkróki
Margrét Sæmundsdóttir, Sauðárkróki
Jón Helgi Björnsson, Húsavík
Sigurður Jóhannesson, Fjallabyggð
Áslaug Halldórsdóttir, Húsavík
Þórhallur Harðarson, Akureyri

Fagstjórar


Ingibjörg Sólrún Ingimundardóttir, Akureyri
Guðrún Jóhannsdóttir, Sauðárkróki
Hulda Pétursdóttir, Akureyri
Hrafnhildur Ævarsdóttir, Akureyri
Jóhanna Sigr. Kristjánsdóttir, Húsavík

- Heilsugæsla og sjúkrarými
- Heilsugæslustöð
- Heilsugæslusel
- Mörk heilbrigðisumdæmis


● Heilsugæsla

Heilbrigðisstofnun Norðurlands nær frá Þórshöfn í austri til Blönduóss í vestri og sinnir allri heilsugæsluþjónustu á því svæði. Á starfssvæðinu eru sex meginstarfsstöðvar sem eru Húsavík, Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð, Sauðárkrókur og Blönduós, en í heild eru heilsugæslustöðvar og heilsugæslusel alls 17 talsins. Íbúar á svæði HSN eru 35.570 og hefur þeim fjölgað um 340 frá því í fyrra. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá skiptingu íbúa eftir svæðunum og breytingu á fjölda þeirra.

Fjöldi íbúa á svæði HSN



Fjöldi íbúa á svæði HSN eftir svæðum




Almennir þjónustupættir á heilsugæslustöðvunum eru móttaka og vaktþjónusta heilsugæslulækna, heimahjúkrun, hjúkrunarmóttaka, ungbarna- og mæðravernd, heilsuvernd grunnskólabarna og önnur heilsuvernd. Sálfræðiþjónusta og þjónusta næringarráðgjafa hefur verið að styrkjast. Einnig heyra sjúkraflutningar undir heilsugæsluna.


Móttaka heilsugæslu

Á árinu voru heildarsamskipti lækna við skjólstæðinga alls 186.253 en 2016 voru þau 180.826. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá samanburð á heildarfjölda samskipta á milli ára og heildarfjölda samskipta niður á starfsstöðvar.


Heildarfjöldi samskipta - Læknar



Heildarfjöldi samskipta 2017 - Læknar




Heildarfjöldi samskipta 2016 - Læknar




Heildarfjöldi samskipta hjúkrunarfræðinga á stöð voru alls 35.404 talsins við skjólstæðinga en voru 32.137 á árinu 2016. Samskipti í heimahjúkrun og skólahjúkrun eru ekki inni í þessum tölum. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá samanburð á heildarfjölda samskipta á milli ára og heildarfjölda samskipta niður á starfsstöðvar.


Heildarfjöldi samskipta - Hjúkrunarfræðingar á stöð



Heildarfjöldi samskipta 2017 - Hjúkrunarfræðingur á stöð




Heildarfjöldi samskipta 2016 - Hjúkrunarfræðingar á stöð




Heildarfjöldi samskipta ljósmæðra voru 7.548 talsins við skjólstæðinga en voru 7.211 á árinu 2016. Ljósmæður á HSN sinna ýmsum verkefnum, þ.m.t. mæðravernd, ung- og smábarnavernd og einnig vinna sumar almenn hjúkrunarstörf. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá samanburð á heildarfjölda samskipta á milli ára og heildarfjölda samskipta niður á starfsstöðvar.


Heildarfjöldi samskipta - Ljósmæður




Heildarfjöldi samskipta 2017 - Ljósmaður




Heildarfjöldi samskipta 2016 - Ljósmaður



Sálfélagsleg þjónusta er í þróun á öllum starfsstöðvum. Bæði er veitt samtalsmeðferð og hópmeðferð við kvíða og þunglyndi. Heildarfjöldi samskipta í sálfélagslegri þjónustu á árinu 2017 var 1.644 en 713 á árinu 2016. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir samskipti sálfræðinga.



Viðtöl næringarráðgjafa voru 267 á árinu 2017 en 208 á árinu 2016. Þjónusta hans hefur verið í þróun en auk viðtala sinnir hann eldhúsum HSN. Á myndinni má sjá yfirlit yfir einstaklingsviðtöl næringarráðgjafa og samanburð á milli ára.




Mæðravernd


Ljósmaður, í samvinnu við heimilislækna, sinna mæðravernd heilsgæslunnar og stuðla að heilbrigði móður og barns á meðgöngutímanum og eftir fæðingu. Þar er veitt fagleg umönnun, stuðningur og ráðgjöf til verðandi foreldra, greining áhættuþátta og skipulögð viðbrögð við þeim. Mæðraverndin miðar einnig að því að fyrirbyggja og greina líkamleg og andleg frávík hjá mæðrum á meðgöngutímanum og gera viðeigandi ráðstafanir. Á HSN starfar faghópur í mæðravernd með fulltrúa frá öllum meginstarfsstöðvum.

Á árinu 2017 var fjöldi kvenna í mæðravernd 696 og fjöldi skoðana var 4.637. Fjöldi skoðana á hverja konu 2016 var 5,9 en fór upp í 6,7 á árinu. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá samanburð á milli ára og fjölda kvenna í mæðravernd og fjölda skoðana eftir starfsstöðvum.

Mæðravernd - Fjöldi kvenna



Mæðravernd - Fjöldi skoðana




Ung- og smábarnavernd


Í ung- og smábarnavernd er fylgst með vexti og þroska barnsins og lögð áhersla á stuðning við fjölskylduna. Fyrstu vikurnar eftir fæðingu er boðið upp á heimavitjanir en síðan reglubundnar skoðanir á heilsugæslustöðinni fram að skólaaldri. Á HSN starfar faghópur í ung- og smábarnavernd með fulltrúum frá öllum meginstarfsstöðvum.

Heildarfjöldi vitjana á árinu 2017 var 985 og viðtala 5.198 en á árinu 2016 voru vitjanir 1.047 og viðtöl 5.342. Sjá má nánari skiptingu eftir meginstarfsstöðvum og samanburð á milli ára á myndunum hér fyrir neðan.


Fjöldi vitjana í ungbarnavernd




Vitjanir í ungbarnavernd - fjöldi barna



Fjöldi viðtala í ungbarnavernd





Viðtöl í ungbarnavernd - fjöldi barna




Heilsuvernd grunnskólabarna

Heilsuvernd grunnskólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd og er markmið hennar að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Hjúkrunarfræðingar sem sinna heilsuvernd grunnskólabarna hafa fastan viðverutíma í skólum og sinna þeir fræðslu, heilsueflingu, bólusetningum, skimunum, skoðunum og umönnun veikra og slasaðra barna ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Á HSN starfar faghópur í heilsuvernd grunnskólabarna og í honum eru allir skólahjúkrunarfræðingar.


Á svæði HSN er 31 grunnskóli með 4.716 nemendum en á árinu 2016 voru þeir 4.752. Heildarsamskipti við skjólstaðinga voru alls 45.476 en árinu 2016 voru þau 44.196. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda nemenda og fjölda samskipta á milli ára. Þá má einnig sjá tegund samskipta niður á svæði HSN.




Yfirlit samskipta í heilsuvernd grunnskólabarna



Heildarsamskipti í heilsuvernd grunnskólabarna 2017



Heildarsamskipti í heilsuvernd grunnskólabarna 2016





Heimahjúkrun


Heimahjúkrun er fyrir einstaklinga á öllum aldri sem búa í heimahúsi og eru í þörf fyrir einstaklingshæfða og markvissa hjúkrun.

Heimahjúkrun er í boði á öllum starfsstöðvum á dagvinnutíma. Auk þess er þjónustan í boði á Akureyri um helgar, á kvöldin og á næturnar. Á öllum stærri starfsstöðvum er boðið upp á heimahjúkrun á morgnana um helgar auk þess sem reynt er að koma til móts við skjólstæðinga ef þörf er á heimahjúkrun á öðrum tímum, s.s. á kvöldin virka daga og um helgar. Á HSN starfar faghópur í heimahjúkrun með fulltrúum frá öllum meginstarfsstöðvum.


Fjöldi samskipta í heimahjúkrun á árinu v 58.696 sem er aukning frá því árið áður um 213 samskipti. Unnið hefur verið að því að bæta framboð þjónustunnar í heimahjúkrun. Sjá má yfirlit yfir samskipti í heimahjúkrun á myndunum hér fyrir neðan skipt niður á starfsstöðvar, kyn og hvenær þjónustan er veitt að deginum.




Heimahjúkrun 2016 - Samskipti



Heimahjúkrun 2017 - Samskipti eftir kynjum




Heimahjúkrun 2016 - Samskipti eftir kynjum




Sjúkraflutningar

Sjúkraflutningar eru skráðir hjá Neyðarlínu og er mikilvægi forgangs flokkað í F1-F4. Slökkvilið Akureyrar sinnir sjúkraflutningum á sínu svæði og HSN er með samning við Sveitarfélagið Skagafjörð um sjúkraflutninga þar. Sérstakur samningur er um flutningana í Hrísey og Grímsey en á öðrum starfsstöðvum eru sjúkraflutningarnir reknir af HSN. Heildarfjöldi flutninga á svæði HSN á árinu var 3.918 en 2016 voru þeir 3.538. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda flutninga á svæðinu og nánari skiptingu eftir stöðum og forgangi.


Heildarfjöldi sjúkraflutninga á svæði HSN




Fjöldi sjúkraflutninga á svæði HSN eftir forgangi



Sjúkraflutningar á svæði HSN 2017




Sjúkraflutningar á svæði HSN 2016




Unglingamóttaka

Unglingamóttaka er starfrækt á HSN Akureyri. Markmiðið með henni er að auka aðgang ungs fólks að heilsugæslunni og getur það leitað á móttökuna með sín vandamál. Hjúkrunarfræðingar sinna móttökunni í samvinnu við heilsugæslulækna. Á árinu 2017 sinnti unglingamóttakan 113 samskiptum en þau voru 120 á árinu 2016. Sjá má yfirlit yfir fjölda samskipta á milli ára á myndinni hér fyrir neðan.




Lífstíls- og sykursýkimóttaka

Á Sauðárkróki er hjúkrunarfræðingur með móttöku þar sem veitt Á Húsavík er sykursýkimóttaka þar sem lækur, hjúkrunarfræðingur og næringarráðgjafi hitta einstaklinga með sykursýki. Markmið móttökunnar er að stuðla að auknum lífsgæðum hjá sykursjúkum og koma í veg fyrir alvarlega fylgikvilla. Það er gert með reglulegu eftirliti, fræðslu og meðferð. Fjöldi viðtala á árinu var 191 í samanburði við 177 viðtöl á árinu 2016.



Á Húsavík er sykursýkimóttaka þar sem lækur, hjúkrunarfræðingur og næringarráðgjafi hitta einstaklinga með sykursýki. Markmið móttökunnar er að stuðla að auknum lífsgæðum hjá sykursjúkum og koma í veg fyrir alvarlega fylgikvilla. Það er gert með reglulegu eftirliti, fræðslu og meðferð. Fjöldi viðtala á árinu var 191 í samanburði við 177 viðtöl á árinu 2016.


Sykursýkimóttaka á Húsavík



Hreyfiseðlar

Hreyfiseðill er meðferðarúrræði þar sem læknir, í samráði við skjólstæðing, ávísar hreyfingu sem meðferð eða hluta af meðferð við þeim sjúkdómum eða sjúkdóms-einkennum sem verið er að fást við. Einstaklingi er vísað til hreyfistjóra, sem er sjúkrahjálfari og útbýr hreyfiáætlun í samráði við viðkomandi. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá samanburð á komum til hreyfistjóra á milli ára.

Hreyfiseðlar - Komur til hreyfistjóra




Heilsueflandi heimsóknir

Á Akureyri er íbúum 80 ára og eldri sem búa heima og njóta ekki þjónustu boðin heilsueflandi heimsókn. Í þeim er lögð áhersla á að veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf og hvetja og styrkja einstaklinginn til að viðhalda heilbrigði, færni og sjálfstæði sem lengst.

Einstaklingar sem eru 75-79 ára geta hringt og pantað sér símaviðtal eða viðtal við starfsmenn heilsueflandi heimsókna og fengið sams konar þjónustu.


Heilsueflandi heimsóknir




Bólusetningar

Heildarfjöldi bólusetninga á HSN var 12.920 á árinu 2017 og 11.354 á árinu 2016. Bólusetningum er skipt í flokka, vegna ferðalaga erlendis, vegna árlegrar influensu og aðrar bólusetningar sem eru fyrst og fremst bólusetningar í ungbarnavernd og í heilsuvernd grunnskólabarna. Sjá má yfirlit yfir fjölda bólusetninga eftir meginstarfsstöðvum á árunum 2017 og 2016 á myndunum hér fyrir neðan.

Bólusetningar 2017



Bólusetningar 2016




Hjúkrunar- og sjúkrasvið

Á stofnuninni eru rekin sjúkrahús á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð og Húsavík. Hlutverk þeirra er að veita almenna sjúkrahúsbjónustu ásamt viðeigandi stoðþjónustu, eftir þörf og umfangi á hverjum stað. Einnig að starfrækja hjúkrunardeildir og sinna öldrunarþjónustu. Á svæðinu eru hjúkrunardeildir einnig víða reknar af sveitarfélögum. Umtalsverð sérfræðiþjónusta er rekin á göngudeildum í tengslum við sjúkrahúsin.

Rými eru í heildina 149, þar af eru 21 sjúkrarými, 110 hjúkrunarrými og 18 dvalarrými og má sjá hvernig þau skiptast á milli staða á myndinni hér fyrir neðan. HSN er einnig með samning um rekstur á Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík en þar eru 31 hjúkrunarrými og 9 dvalarrými. Samningurinn nær einnig til 23ja dagdvalarrýma í Norðurþingi.

Sjúkra-, hjúkrunar- og dvalarrými á HSN





Í töflunni hér má sjá yfirlit yfir fjölda rýma eftir deildum HSN og meðalnýtingu þeirra 2017.

Sjúkra- hjúkrunar- og dvalarrými 2017


	Fjöldi sjúklinga	Dvalir	Legudagar	Leyfis dagar	Rúmafjöldi	Meðal-rúmanýting	Meðalfjöldi legudaga án leyfis daga	Meðalfjöldi sjúklinga á dag
B: Dvalarrými	14	18	2.948	0	9	89,7%	165	8,1
B: Hjúkrunarrými	33	46	6.108	11	22	76,1%	133	16,7
B: Sjúkradeild	74	112	920	0	3	84,0%	8	2,5
F: Hjúkrunarsvið	36	45	6.552	0	20	89,8%	146	18,0
F: Sjúkrasvið	107	147	1.532	17	3	100,0%	10	4,2
H: Hjúkrunardeild	33	53	6.522	113	18	99,3%	121	17,9
H: Hjúkrunardeild/sjúkradeild	43	113	1.737	31	5	95,2%	15	4,8
H: Sjúkradeild	278	450	2.744	46	8	94,0%	6	7,5
S: 1 Sjúkradeild	244	405	2.821	21	8	96,6%	7	6,6
S: 2 Hjúkrunardeild	23	26	5.071	2	14	99,2%	195	13,9
S: 3 Hjúkrunardeild	15	18	3.582	0	10	98,1%	200	9,8
S: 5 Hjúkrunardeild	35	46	7.193	18	20	98,5%	156	19,7
S: 6 Dvalarheimili	13	17	3.162	25	9	96,3%	185	8,7

● Göngudeild


Á göngudeildum fara fram móttökur sérfræðilækna, speglanir, minni aðgerðir, ýmsar rannsóknir eins og hjartaþolspróf, ómanir og sólarhringshjartaritun (Holter). Misjafnt er þó milli starfsstöðva hversu umfangsmikil þessi starfsemi er og má sjá yfirlit á myndunum hér fyrir neðan.




Speglanir 2016




2017 Hjartapolpróf og hjartaómanir



2016 Hjartapolpróf og hjartaómanir




Holterrannsóknir




● Hópskoðun Krabbameinsfélagsins

Hópskoðun vegna krabbameinsleitar í legi fer fram árlega í samvinnu við Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands þar sem konur eru með reglubundnum hætti kallaðar inn til skoðunar skv. sérstöku skipulagi og tekur ljósmóðir, hjúkrunarfræðingur eða kvensjúkdómalæknir sýnin. Læknar og ljósmæður/hjúkrunarfræðingar stofnunarinnar taka einnig sýni utan reglulegra hópskoðana. Skoðanir á Dalvík eru hættar og í Fjallabyggð eru þær annað hvert ár.



● Ráðgjöf í reykbíndindi


HSN rekur Ráðgjöf í reykbíndindi í samstarfi við Embætti landlæknis og velferðarráðuneytið. Ráðgjöf í reykbíndindi er símaþjónusta fyrir þá sem vilja hætta tóbaksnotkun, hætta að nota reyklaust tóbak eða minnka eða hætta notkun nikótínlyfja. Fjöldi samskipta á árinu 2017 var 713 í samanburði við 594 samskipti árið 2016. Á myndinni má sjá yfirlit yfir samskipti í Ráðgjöfinni og samanburð á milli ára.




● Rannsóknir og myndgreining

Rannsóknarstofur eru á öllum meginstarfsstöðvum HSN nema á Akureyri. Þær rannsóknir sem ekki eru gerðar á starfsstöðvunum eru að langstærstum hluta sendar á SAK en einnig á LSH. Eitthvað er um að rannsóknir séu sendar milli rannsóknarstofa innan HSN. Röntgenmyndatökur eru framkvæmdar á öllum meginstarfsstöðvum HSN nema á Akureyri. Sjá má yfirlit yfir fjölda rannsókna og myndgreininga á HSN hér fyrir neðan.


Rannsóknir ambulanta á rannsóknastofum




Rannsóknir inniliggjandi á rannsóknastofum




Rannsóknir sendar á SAK/LSH



Röntgenmyndatökur - ambulantar




Röntgenmyndatökur - inniliggjandi




● Atvikaskráning

Atvikaskráning skjólstæðinga er í Sögu þar sem hún hafði ekki verið fyrir og unnið hefur verið að eflingu atvikaskráningar innan HSN. Á árinu 2016 voru skráð atvik 288 og á árinu 2017 voru þau 398. Algengustu atvikin eru föll/byltur en síðan koma lyfjamistök. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir atvikaskráninguna.

Atvikaskráning 2017





Atvikaskráning 2016



Starfsmannamál

Á HSN starfa um 533 starfsmenn að jafnaði í rúmlega 360 stöðugildum, þá eru ekki meðtaldir lækna á verktakasamningum. Starfsmenn eru að meðaltali í um 70% stöðuhlutfalli og eru 16% þeirra karlmenn og 84% konur en var árið 2016 15% karlmenn og 85% konur. Samtals voru 803 starfsmenn á launaskrá á árinu.

Starfsmenn sem flokkast sem „almennur starfsmaður“ eru fjölmennasta starfsstétt HSN og eru í 87,3 stöðugildum, síðan koma hjúkrunarfræðingar í 86,8 stöðugildum og þar á eftir sjúkraliðar í 62,4 stöðugildum. Greidd stöðugildi lækna eru 35,5 og þá bætast við sem samsvarar 4,9 stöðugildum lækna í verktöku. Sérfræðingar í heimilislækningum eru um 20, aðrir sérfræðingar tæplega átta og almennir lækna, kandidatar og læknanemar um átta. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda stöðugilda eftir stéttarfélögum og yfir stöðugildi lækna.




¹ Breytt talning er í stöðugildum sjúkraflutningamanna miðað við ársskýrslur fyrri ára vegna breytinga á starfsábyrgð


Meðalaldur starfsmanna er 48,2 ár og lækkar lítillega milli ára (48,4 ár 2016). Veikindahlutfall er 5,54% árið 2017 og hefur lækkað úr 5,78% árið 2016. Fjarverustundir vegna veikinda voru 42.480 á árinu 2017 sem gera 5.310 veikindadaga. Veikindahlutfallið jafngildir því að í hverjum mánuði hafi 20,4 stöðugildi starfsmanna verið í veikindum á stofnuninni.

Á myndunum hér fyrir neðan má sjá hvernig starfsmenn skiptast eftir aldursbilum og skipulagseiningum. Á skipulagseiningunni „Yfirstjórn“ kostnaðarfærast stöðugildi vegna framkvæmdastjórnar, mannauðsstjóri, fjármálasvið, gæðasvið og tæknisvið.

Hlutfall starfsmanna eftir aldursbilum



Dreifing starfsfólks eftir skipulagseiningum 2017



● Gjafir til HSN

Heilbrigðisstofnun Norðurlands berast reglulega gjafir frá velunnurum stofnunarinnar. Gjafirnar bæta til muna búnað stofnunarinnar. Skjólstæðingar og starfsfólk meta hlýjan hug og örlæti styrktar- og stuðningsaðilanna.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Blönduósi

Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi gaf stofnuninni standlyftara að verðmæti 270.000 kr. og tvær vökvadælur að verðmæti 430.000 kr.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Sauðárkróki

Styrktar- og minningarsjóður Sigurlaugar Gunnarsdóttur frá Ási gaf stofnuninni þrjú hjúkrunarrúm ásamt fylgihlutum að verðmæti 725.310 kr. Einnig gaf sjóðurinn fylgibúnað og aukahluti fyrir LIFE PAK 15 hjartastuðtæki að verðmæti 295.986 kr.

Oddfellowstúka Sif no:22 gaf stofnuninni LIFE PAK 15 hjartastuðtæki að verðmæti 1.790.000 kr.

Magnús Guðmundsson, íbúi á dvalardeild, gaf stofnuninni 50.000 kr. peningagjöf til tækjakaupa.

Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga afhenti 350.000 kr. peningastyrk til kaupa á einni rás í KINE LIVE mælitæki sem mælir vöðvastyrk o.fl.

Sjálfsbjörg í Skagafirði gaf styrktaræfingatæki að verðmæti 1.066.400 kr.

Gjafasjóður HSN á Sauðárkróki gaf tvær dýnuhlífar MT og Master Turne yfirlök að verðmæti 443.530 kr., fjóra blóðþrýstingsmæla ProBP á hjólastandi og einn borðmæli að verðmæti 556.815 kr. Sjóðurinn gaf einnig vökvadælu GW að andvirði 275.982 kr. og Westfalia Klassik hjúkrunarrúm með fylgihlutum að verðmæti 328.048 kr.

Gjafir til starfsstöðvar HSN í Fjallabyggð

Kvenfélag sjúkrahúss Siglufjarðar gaf:

- 1 stk. CMA Digitrak XT Holter Record og fylgihluti að verðmæti 408.350 kr.
- 1 stk. hjólastól xS2 Alumin 50 sm að verðmæti 77.266 kr.
- 2 stk. hægindastóla Lars með mótör að verðmæti 304.300 kr.
- 1 stk. Ri-cardio blóðþrýstingssírita, 24 klst. mælingar, að verðmæti 213.218 kr.
- 1 stk. digital ung barnavog, samanbrjótanlega, að verðmæti 33.635 kr.

Minningarsjóður Guðnýjar Stefáns gaf :

- 10 stk. Quick on snúningslök að verðmæti 148.800 kr.
- Blóðtökuvagn Flexi með fylgihlutum að verðmæti 211.500 kr.
- 3 stk. kælibakstra að verðmæti 26.288 kr.
- 50% í blóðgreiningartæki fyrir rannsóknarstofu að verðmæti 610.700 kr.
- 10 stk. CuroCell sessur að verðmæti 88.400 kr.

Kvenfélagið Von gaf tvö Samsung 49" sjónvörp að verðmæti 219.800 kr.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Dalvík

Slysavarnadeild kvenna á Dalvík gaf stofnuninni heyrnarhlíf- ar til að gefa öllum börnum í 6 mánaða skoðun að verðmæti 200.000 kr.

Gjöf til starfsstöðvar HSN á Akureyri

Lionsklúbbur Akureyrar gaf stofnuninni blóðþrýstingsmæli að verðmæti 150.000 kr. og augn- og eyrnaskoðunartæki að verðmæti 230.000 kr.

Lionsklúbbarnir á Norðurlandi gáfu stofnuninni fullkomið tæki frá Welch Allyn – spot vision screener til að greina sjónskerðingu, hættu á sjónskerðingu eða taugagalla að verðmæti 1.100.000 kr.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Húsavík

Slysavarnafélagið Hringur Mývatnssveit gaf starfstöðinni í Reykjahlíð blóðtökuvagn að verðmæti 103.557 kr.

Vogabú Mývatnssveit gaf starfstöðinni í Reykjahlíð Medikro Primo Spirometer system að verðmæti 305.589 kr.

Styrktarfélag Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga gaf 32" United sjónvarp að verðmæti 24.190 kr., Microsoft life cam studio að verðmæti 15.879 kr. og UCR CO2 regulation Unit að verðmæti 434.000 kr.

Kvenfélagið Hvöt, Þórshöfn gaf starfstöðinni á Þórshöfn Cms Digitrac xt Holter/belti að verðmæti 269.254 kr. og 500.000 króna peninggjöf til tækjakaupa í sjúkrabíl.

Íshúsfélag Vestmannaeyja gaf starfsstöðinni á Þórshöfn auto-klafa 19,8 L að verðmæti 880.469 kr.

Krabbameinsfélag S-Þingeyinga gaf stofnuninni tvo lyftustóla El Paso að verðmæti 288.830 kr. og tvær rúmdýnur að verðmæti 162.780 kr.

Samtals bárust styrkir og gjafir til Heilbrigðisstofnunar Norðurlands að verðmæti um 13,6 m.kr. á árinu 2017.



● Skýrsla og áritun stjórnenda

Heilbrigðisstofnun Norðurlands er ríkisaðili í A-hluta sem veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúsþjónustu auk öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma. Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær frá Blönduósi í vestri til Þórshafnar í austri.

Á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) var gerður stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2017 sem byggir á ákvæðum laganna. M.a. leiddi það til þess að varanlegir rekstrarfjármunir voru eignfærðir og orlof skuldfært. Þar sem breytingar þessar hafa mikil áhrif á liði í rekstrar- og efnahagsreikningum hefur reikningsskilaráð A-hluta ríkissjóðs ákveðið að samanburðartölur við fyrra ár séu ekki birtar. Samanburður er í efnahagsreikningi við stofnefnahagsreikning 1. janúar 2017 sem gerður var á grundvelli hinna breyttu reikningskilareglna skv. LOF.

Á árinu 2017 var ársveltan kr. 5.537,4 milljónir og afkoma kr. -40,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -57,3 milljónir í árslok og eignir samtals nema kr. 675,5 milljónum.

Það er álit okkar að ársreikningur 2017 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands í samræmi við lög um opinber fjármál og ársreikningalög.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála og stoðþjónustu staðfesta ársreikning Heilbrigðisstofnunar Norðurlands með áritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

Forstjóri



Framkvæmdastjóri fjármála og stoðþjónustu



● Sundurliðaður rekstrarreikningur 2017

	2017
Tekjur	
Framlög ríkis sjóðs	4.874.931.798
Seld þjónusta.....	532.556.600
Vörusala.....	31.414.373
Aðrar tekjur.....	59.501.543
Tekjufærsla fres taðra tekna.....	38.962.464
Tekjur samtals	5.537.366.778
 Gjöld	
Laun og launatengd gjöld.....	4.020.846.147
Annar rekstrarkostnaður.....	1.518.512.006
Afskriftir.....	38.962.464
Gjöld samtals	5.578.320.617
 Afkoma fyrir fjármagnsliði	(40.953.839)
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður.....	1.900.817
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur.....	(1.038.535)
	862.282
Afkoma ársins	(40.091.557)

● Efnahagsreikningur 2017

	31.12.2017	01.01.2017
Eignir		
Fastafjármunir		
Ó efnislegar eignir.....	3.672.491	0
Varanlegir reks traufjármunir		
Áhöld og búnaður.....	125.545.710	104.701.679
Farartæki og vélar.....	71.913.074	72.296.175
Aðrar eignir.....	2.061.393	2.453.481
Fasteignir.....	22.100.000	0
	<u>221.620.177</u>	<u>179.451.335</u>
Fastafjármunir samtals	<u>225.292.668</u>	<u>179.451.335</u>
Veltufjármunir		
Birgðir.....	24.489.423	27.408.945
Viðs kiptakröfur.....	56.986.600	129.558.890
Tengdir aðilar.....	344.510.299	45.281.816
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kos tnaður.....	3.183.836	9.272.197
Handbært fé.....	21.021.270	16.335.812
	<u>450.191.428</u>	<u>227.857.660</u>
Veltufjármunir samtals	<u>450.191.428</u>	<u>227.857.660</u>
Eignir samtals	<u>675.484.096</u>	<u>407.308.995</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hrein eign.....	(57.280.613)	(321.702.656)
Eigið fé samtals	<u>(57.280.613)</u>	<u>(321.702.656)</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Tengdir aðilar.....	33.893.043	76.493.224
Viðs kiptas kuldir.....	99.651.351	168.190.233
Ýms ar skammtímaskuldir.....	373.927.647	304.876.859
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda.....	225.292.668	179.451.335
	<u>732.764.709</u>	<u>729.011.651</u>
Skuldir samtals	<u>732.764.709</u>	<u>729.011.651</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>675.484.096</u>	<u>407.308.995</u>

● Sjóðstreymi 2017

	2017
Reksstrarhreyfingar	
Hreint veltufé frá rekstri:	
Afkoma ársins	(40.091.557)
 Reksstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárs treymi:	
Afskriftir.....	38.962.464
Tekjufærsla frestaðra tekna.....	<u>(38.962.464)</u>
	(40.091.557)
 Lækkun (hækkun) rekstrartengda eigna:	
Viðskipakröfur - aðrar skammtímakröfur.....	78.660.651
Birgðir.....	2.919.522
Hækkun (lækkun) rekstrartengda skulda:	
Skammtímaskuldir.....	<u>511.906</u>
	82.092.079
Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingahreyfingar	
Kaupverð óefnislegra eigna.....	(3.883.680)
Söluverð óefnislegra eigna.....	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna.....	(80.920.117)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna.....	<u>3.797.212</u>
	(81.006.585)
Fjármögnunarhreyfingar	
Ríkissjóður.....	
Tengdir aðilar.....	(37.315.064)
Fjárfestingarframlag.....	<u>81.006.585</u>
	43.691.521
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé	4.685.458
Handbært fé í byrjun árs	<u>16.335.812</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>21.021.270</u></u>

